

BM.VALLÁ
Hólmsteinn T. Hólmsteinsson
Súluvegi
600 Akureyri

2005120054
6506; 9310

Reykjavík, 24. febrúar 2006
/--

Efni: Malarnám í landi Spónsgerðis, Arnarneshreppi. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis BM Vallár dags. 21. nóvember 2005 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt malarnám í landi Spónsgerðis, Arnarneshreppi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 2a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Arnarneshrepps, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar.

Fyrir liggur álit Vegagerðarinnar þar sem lögð er áhersla á að við vinnslu námunnar verði ekki farið nær Ólafsfjarðarvegi en 30 m og ekki nær heimreið að Spónsgerði en 15 m.

Umsagnir bárust frá Arnarneshreppi með bréfi dags. 17. febrúar 2006, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 3. febrúar 2006, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 17. janúar 2006 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 17. janúar 2006. Frekari upplýsingar bárust frá BM Vallá með bréfi dags. 31. janúar 2006.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Framkvæmdin felst í vinnslu allt að 87.000m³ af mól á um 1,74 ha svæði, sem afmarkað er á loftmynd og hnitsett, sunnan heimreiðar og framan við bæinn í Spónsgerði. Námusvæðið er gróið og að mestu ræktað tún á holti sem nær að þjóðvegi og gæti fyrirhuguð lækkun holtsins um 4-5 m dregið úr snjósöfnun á þjóðveginum. Vinnslan verður í þremur áföngum á 4-5 árum, jarðvegi ýtt ofan af melnum, jafnað yfir og ræktað tún á ný.

Framkvæmdaraðili telur að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Enginn umsagnaraðili telur líklegt að framkvæmdin kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Áhrif á vatnsból. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra vekur athygli á að fyrirhugað malarnám er

starfsleyfis skylt og að fá þurfi álit jarðfræðings á því hvort malarnámið geti spillt neysluvatni Spónsgerðis sem tekið er úr borholu nokkuð norðan við bæinn.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að borholan er 66 m djúp og að mati jarðfræðings hverfandi líkur á að malarvinnslan hafi áhrif á vatnsstöðuna í holunni.

Skortur á upplýsingum. Umhverfisstofnun telur vanta nánari lýsingu á staðháttum, landslagi, gróðurfari og landnotkun og hvort fyrirhugað framkvæmdarsvæði sé á eða nærri verndarsvæðum. Stofnunin minnir á að áður en framkvæmdaleyfi er veitt skuli liggja fyrir umsögn Umhverfisstofnunar byggð á áætlun um efnistöku skv. 47. og 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd m.s.b.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að svæðið er að mestu tún sem liggur nokkru hærra en þjóðvegurinn og muni nýtast betur sem tún að framkvæmd lokinni, svæðið er ekki á verndarsvæði og efnisvinnslan ekki talin kunna að hafa áhrif á vatnsból Spónsgerðis.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða 87.000 m³ malarnám í landi Spónsgerðis í Arnarneshreppi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um mats skyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Ljóst er að fyrirhuguð efnistaka verður á svæði sem ekki heyrir undir neina vernd. Framkvæmdin er tímabundin og ef frágangur verður á þann hátt sem lýst er í gögnum framkvæmdaraðila eru allar líkur á að námusvæðið muni henta betur til túnræktar að framkvæmdum loknum. Skipulagsstofnun telur litlar líkur á að vatnsból Spónsgerðis spillist og að áhrif á íbúa í nágrenninu verði ásættanleg.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu BM Vallár við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð BM Vallár vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að malarnám á vegum BM Vallár í landi Spónsgerðis sé ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin er ekki í samræmi við Aðalskipulag Arnarneshrepps 1997-2017.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Arnarneshrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b., starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra skv. reglugerð nr 785/1999 m.s.b. um starfsleyfi fyrir atvinnurektur sem getur haft í för með sér mengun og umsögn Umhverfisstofnunar byggðri á áætlun um efnistöku skv. 47. gr. og 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd m.s.b.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 27. mars 2006.

Þóroddur F Þóroddsson

Sigurður Ásbjörnsson

Afrit.

Umhverfiráðuneytið, Arnarneshreppur, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og Umhverfisstofnun.